

Fundargerð 549

Fimmtudaginn 8. maí 2025 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar á Hótel Breiðdalsvík í Breiðdalsvík. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Óli Halldórsson (ÓH) formaður, Guðný Hildur Magnúsdóttir (GHM), Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH) (við dagskrárliði 4-11) og Oddný Árnadóttir (OÁ) (við dagskrárliði 4-11). Haraldur Benediktsson (HB) tengdist fundinum með fjarfundarbúnaði.

Auk þeirra sátu fundinn Arnar Már Elíasson (AME) forstjóri, Erla Hrund Þórarinsdóttir (EHP) umsjónarmaður áhættustýringar (við dagskrárliði 1-6), Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Hrund Pétursdóttir (HP) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Pétur Friðjónsson (PF) sérfræðingur á fyrirtækjasviði (við dagskrárliði 6-9), Reinhard Reynisson (RR) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 6), Sigurður Árnason (SÁ) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 6), Sigríður Elín Þórðardóttir (SEP) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 9:00 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Áhættuskýrsla 1. ársfjórðungs 2025 - til kynningar
2. Skýrsla endurskoðanda vegna afskriftarreiknings - til kynningar
3. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
4. Uppfærsla á innheimtureglum - til afgreiðslu
5. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar
6. Val á samningsaðilum um aflamark Byggðastofnunar á Flateyri - til afgreiðslu
7. Staða eftirlits með póstmálum - til kynningar
8. Skýrsla um framfylgd jafnréttisáætlunar - til kynningar
9. Uppbygging atvinnuhúsnæðis í Búðardal - til kynningar
10. Önnur mál
11. Næsti fundur

Öll gögn sem vísað er til í fundargerðinni voru aðgengileg í fundargátt stofnunarinnar fyrir fundinn nema annað sé tekið fram.

1. Áhættuskýrsla 1. ársfjórðungs 2025 - til kynningar

Fyrir fundinum liggur áhættuskýrsla 1. ársfjórðungs 2025 sem EHP kynnti auk þess að fara yfir áhættumatsferlið hjá stofnuninni. Eru allir áhættuþættir innan þeirra marka sem sett eru í áhættustefnu.

Til máls tóku KB, HP, GHM, ÓH,

2. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 12/25-16/25 sem HP reifaði.

Enginn tók til máls.

3. Uppfærsla á innheimtureglum - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur tillaga að uppfærðum innheimtureglum auk núverandi innheimtureglna sem HP kynnti.

Til máls tóku KB og ÓH.

Formaður bar uppfærðar innheimtureglur upp til samþykktar og voru þær samþykktar samhljóða.

4. Framfylgd starfsáætlunar - til kynningar

MaH og OÁ komu inn á fundinn.

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir framfylgd starfsáætlunar og staða rekstrar 31. mars sem SEÞ kynnti.

Enginn tók til máls.

5. Skýrsla endurskoðanda vegna afskriftarreiknings - til kynningar

Fyrir fundinum liggur skýrsla Örnú G. Tryggvadóttur löggilts endurskoðanda á afskriftarreikningi útlána 1.1.2024 sem stjórn óskaði eftir að yrði unnin á fundi 27. febrúar 2025 sem MH kynnti.

Til máls tók ÓH.

Stjórn telur framlagða skýrslu taka á fyrirvara sem var í áritun endurskoðanda í ársreikningi stofnunarinnar vegna ársins 2024.

6. Val á samningsaðilum um aflamark Byggðastofnunar á Flateyri - til afgreiðslu

PF, RR og SÁ komu á fundinn undir þessum dagskrárlið.

Fyrir fundinum liggur fundargerð aflamarksnefndar, umsóknir um aflamark Byggðastofnunar á Flateyri, minniblað til aflamarksnefndar, matsblöð, bókun Ísafjarðarbæjar á tillögu aflamarksnefndar auk erinda frá ÍS 47 ehf. sem RR, SÁ og PF kynntu.

Á fundi stjórnar Byggðastofnunar þann 20. febrúar sl. var samþykkt tillaga um að auglýsa eftir samstarfsaðilum á Flateyri um nýtingu á allt að 400 þorskígildistönnum af aflamarki Byggðastofnunar til næstu fimm fiskveiðiára, þ.e. 2025/2026, 2026/2027, 2027/2028, 2028/2029 og 2029/2030 á grundvelli reglugerðar nr. 643/2016.

Í samræmi við samþykkt stjórnar auglýsti stofnunin eftir umsóknum. Umsóknarfrestur rann út á hádegi 14. mars 2025. Þrjár umsóknir bárust frá eftirtöldum aðilum:

- ÍS 47 ehf. og samstarfsaðilum
- Vestfisk Flateyri ehf. og samstarfsaðilum
- Sameiginleg umsókn Walvis ehf. og Tjaldtanga ehf.

Aflamarksnefnd fór yfir tillögur starfsmanna á fundi 23. apríl sl. og samþykkti að gera eftirfarandi tillögu til stjórnar:

- Lagt er til við stjórn Byggðastofnunar að forstjóra verði falið að ganga til samninga við Vestfisk Flateyri ehf. og samstarfsaðila um nýtingu á allt að 200 þorskígildistönnum á grundvelli umsóknar þeirra til næstu fimm fiskveiðiára, þ.e. 2025/2026, 2026/2027, 2027/2028, 2028/2029 og 2029/2030.

- Lagt er til við stjórn Byggðastofnunar að forstjóra verði falið að ganga til samninga við Walvis ehf. og Tjaldtanga ehf. um nýtingu á allt að 200 þorskígildistönnum á grundvelli sameiginlegra umsóknar þeirra til næstu fimm fiskveiðia ára, þ.e. 2025/2026, 2026/2027, 2027/2028, 2028/2029 og 2029/2030.
- Lagt er til við stjórn Byggðastofnunar að umsókn ÍS 47 ehf. verði hafnað.

Til máls tóku ÓH, GHM, KB, HKH, MaH, AME, SEÞ og HÁ.

Gögn sem borist hafa eftir að aflamarksnefnd fundaði breyta að mati starfsmanna ekki þeim tillögum sem liggja fyrir fundinum.

Formaður bar upp ofangreindar tillögur og voru þær samþykktar samhljóða.

EHÞ, RR og SÁ viku af fundi.

7. Staða eftirlits með póstmálum - til kynningar

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns lögfræðisviðs um verkefni stofnunarinnar vegna stjórnarsýslu póstmála auk bréfa Félags atvinnurekenda til innviðaráðherra um lögbundið eftirlitshlutverk Byggðastofnunar á póstmarkaði og úrskurð úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála vegna ákvörðunar Byggðastofnunar nr. Á-10/2024 sem HÁ kynnti.

Til máls tóku AME, KB, GHM, MaH og ÓH.

Formaður gerði hlé á fundi milli kl. 10:37 og 10:47

8. Skýrsla um framfylgd jafnréttisáætlunar - til kynningar

Fyrir fundinum liggur skýrsla um framfylgd jafnréttisáætlunar Byggðastofnunar sem MH kynnti.

Enginn tók til máls.

9. Uppbygging atvinnuhúsnaði í Búðardal - til kynningar

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstöðumanns fyrirtækjasvið og Péturs Friðjónssonar sérfræðings á fyrirtækjasviði um stöðu verkefnis um uppbyggingar á atvinnuhúsnaði í Búðardal sem HP og PF kynntu.

Til máls tóku AME, GHM, HB og ÓH.

10. Önnur mál

AME sagði frá samtölum við ráðuneytið um uppfærslu á lögum og reglugerð um stofnunina, en reglugerðin er frá árinu 2000 og lögin hafa lítið breyst frá upphafi.

ÓH sagði frá fundi sem hann fór á hjá Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis vegna frumvarps um sýslumenn. Rætt var einnig um minni ríkisstofnanir og minnisblað Byggðastofnunar til innviðaráðherra.

Fráfarandi stjórn þakkaði starfsfólki fyrir ánægjulegt samstarf.

AME þakkaði stjórn fyrir ánægjulegt samstarf fyrir sína hönd og starfsmanna.

11. Næsti fundur

Næsti fundur verður ákveðinn í samráði við nýja stjórn.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 11:13. Verður fundargerð send stjórn til yfirferðar og rafrænnar undirritunar.

Magnús Helgason, fundarritari

Óli Halldórsson

Guðný Hildur Magnúsdóttir

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Haraldur Benediktsson

Karl Björnsson

María Hjálmarsdóttir

Oddný Árnadóttir